

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru veiðar með fiskivörpu heimilaðar á svæðinu, enda sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 104, 5. febrúar 1997 um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Þá er togbátum, sem taka vörpuna inn á síðunni, heimilt til 1. september 1997 að stunda togveiðar á svæðinu, enda verði vörpur þeirra búnar leggglugga. Heimildir til veiða með fiskivörpu á svæðinu takmarkast af ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur er þeim bátum, sem tilskilin leyfi til dragnótaveiða hafa, heimilt að stunda dragnótaveiðar á svæðinu sé dragnótin búin leggglugga.

Legggluggi, samkvæmt 1. mgr., er netstykki, sem skorið er á legg og komið er fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest 5 metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festar slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

3. gr.

Skipstjóri fiskiskips, sem hyggst stunda veiðar á svæði skilgreindu í 1. gr. með smáfiskaskilju eða leggglugga, skal tilkynna það til Landhelgisgæslunnar, ekki fyrr en 4 klst. og ekki síðar en 2 klst. áður en veiðar hefjast. Einnig skal hann tilkynna til Landhelgisgæslunnar strax og veiðum er hætt.

4. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. maí 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og vísindasjóðs Arnórs Björnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og vísindasjóður Arnórs Björnssonar. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Ættingjar og vinir Arnórs Björnssonar eru stofnendur sjóðsins.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vísindalegar rannsóknir í sálfræði á Íslandi, einkum á sviði klíniskrar sálfræði.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 þúsund, sem stofnendur leggja fram. Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans og þær gjafir, framlög og aðrar tekjur sem honum kunna að berast og leggjast við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Í fyrstu stjórn sjóðsins sitja Álfheiður Steinþórsdóttir sálfræðingur, Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur og Gylfi Ásmundsson sálfræðingur. Láti stjórnarmaður af störfum tilnefnir stjórnin mann í hans stað.

5. gr.

Stjórnarmenn ákveða hve miklu fé er úthlutað í hvert sinn, velja viðfangsefni og styrkþega sjóðsins og stjórna rekstri hans.

Auglýst skal eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í mars ár hvert og skal umsóknarfestur vera 6 vikur. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 6. maí.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða. Stjórn sjóðsins skal ávaxta eignir hans í lánastofnunum á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Breytingar má gera á skipulagsskrá sjóðsins ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna. Verði stjórn sjóðsins sammála um að hætta starfsemi hans og fær til þess samþykki dómsmálaráðuneytisins renna eignir sjóðsins til sálfræðideildar Háskóla Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá sjóðsins.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. maí 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.